



# Fréttabréf

Delta Kappa Gamma

Vor 2006

---

Félag kvenna í fræðslustörfum

---

## Frá ritnefnd

### Þjóta vorvindar

Þjóta vorvindar  
vötn kætast  
flýgur fugl  
andar ástuð  
um auðn og dal  
leikur lífs

Blása laufvindar  
yfir lyngheiði  
hægt og hljótt  
bera ylm blóma  
bera angan heys  
bera þrá

*Halldóra B. Björnsson*

Í þessu blaði er bréf frá forseta landssambandsins Ingibjörgu Einarsdóttur og dagskrá vorþings DKG sem haldið verður í Hafnarfirði 6. maí. María Steing rímsdóttir segir frá meistaraprófsritgerð sinni sem fjallar um fyrsta starfsár nýbrautskráðra grunnskólakennara. Guðbjörg Sveinsdóttir ritar pistil um lestrarmenningu í Reykjanesbæ, Helga Ág. Thorlacius og Jóhanna S. Þorsteinsdóttir skrifa um Kristinu Sigfúsdóttur skáldkonu og Sigríður Jónsdóttir fjallar um starf í alþjóðanefndum. Einnig eru í blaðinu grein frá Fjölmenningarsetrinu á Ísafirði og pistlar frá nokkrum deildum. Ritnefnd þakkar þeim fjölmörgu konum sem hafa skrifnað greinar og pistla í fréttabréfið.

Um leið og við óskum ykkur gleðilegs sumars og þökkum fyrir veturninn viljum við hvetja félagskonur til að vaka eina vornótt og fylgjast með sólsetri, sólaruppkomu og hlusta á fuglana.

Auður Vilhelmsdóttir [audur@gerdaskoli.is](mailto:audur@gerdaskoli.is)

Elín Rut Ólafsdóttir [ero@fss.is](mailto:ero@fss.is)

Oddný Harðardóttir [oddny@fss.is](mailto:oddny@fss.is)



## Bréf frá landssambandsforseta Ingibjörgu Einarsdóttir

### Ágætu Delta Kappa Gamma systur

Það væri ekki sanngjarnat að segja að það hafi verið erfitt að þreyja þorrann og góuna þetta árið, alla vega ekki veðurfarslega. Einmuna bliða hefur verið það sem af er þessu ári og í gömlum heimildum segir að vætusamur einmánuður viti á gott vor svo vonandi gengur það líka eftir.

Það er gaman að geta sagt frá því að starfið í deildum hefur viðast verið kraftmikið á þessu starfsári og nokkuð hefur fjölgað og mun fjölga í deildum á næstunni. Þegar þetta fréttabréf kemur út hefur væntanlega verið haldinn kynningarfundur á Reyðarfirði fyrir áhugasamar konur á Austfjörðum og fari fram sem horfir þá verður inntaka nýrra félaga í Zetadeild í mái á hátiðarfundi þar eystra. Stefánía Arnórðóttir, formaður félaga- og útbreiðslunefndar, gerir grein fyrir vinnu nefndarinnar á öðrum stað í blaðinu.

Undirbúningur undir vorþingið stendur nú sem hæst og hefur menntamálanefndin, undir stjórn Kristrúnar Ísaksdóttur, lagt hart að sér við allan undirbúning. Yfir skrift þingsins er „**Áhrif umhverfis á liðan og námsárangur nemenda**“ og er þetta nokkuð vítt verkefni og viða hægt að bera niður. Þingið verður haldið í Hvaleyrarskóla í Hafnarfirði og er dagskráin auglýst hér í blaðinu og einnig hvernig félagskonur bera sig að við skráningu. Ég hvet allar félagskonur til að mæta á þingið bæði til að hlýða á áhugavert efni og svo er alltaf jafn skemmtilegt að hitta konur úr öðrum deildum og kynnast öllum þessum frábæru konum sem eru í Delta Kappa Gamma.

Afmælisnefndin, sem skipuð var til að undirúa 30 ára afmæli samtakanna á Íslandi árið 2007, hefur fundað nokkrum sinnum en nefndin mun vinna í nánu samstarfi við menntamálanefnd að undirbúningi landssambandsþingsins vorið 2007. Mjög margar áhugaverðar tillögur hafa komið fram en þessi nefnd, eins og raunar allar aðrar nefndir

félagsins, ber tillögur sínar undir landssambandsstjórn sem að lokum staðfestir tillögumar. Á vorþinginu mun afmælisnefndin fá tíma til að kynna hugmyndir sem komið hafa fram.

Alþjóðaþing Delta Kappa Gamma verður að þessu sinni haldið í San Diego, California dagana 18.-22. júlí nk. Skráning stendur yfir og í febrúarblaði News er dagskráin auglýst og skráningarblaðið er þar einnig. Þá eru margar áhugaverðar ferðir í tengslum við þingið einnig auglýstar. Nú þegar veit ég um nokkrar konur sem ætla vestur, m.a. undirrituð og gaman væri ef hópurinn stækkaði. Ég vil í því sambandi benda félagskonum á að sækja um styrki til stéttarfélaganna því þau hafa mörg hver verið mjög fús til að styrkja konur á þing Delta Kappa Gamma.

Í febrúar heimsótti ég Etadeildina í Reykjavík og var það mjög skemmtilegt. Gestur fundarins var Þorgerður Einarsdóttir, dósent í kynjafræðum og flutti hún áhugavert erindi um kynjamynndir í skólastarfi. Kom hún viða við í erindi sínu og urðu umræður líflegar og margar spurningar vöknuðu. Þetta er fyrsta deildin sem ég heimsækji en það er einmitt á stefnuskránni að heimsækja allar deildir á kjörtímabili mínu sem forseti. En tíminn liður hratt og mjög mörg mál koma inn á borð stjórnar og flest þeirra þola ekki mikla bið. Þá hefur mikill tími farið í að koma Zetadeildinni til starfa að nýju og vonandi tekst það með hækkaní sól.

Uppstillingamefndir eru um þessar mundir að skila af sér tillögum til stjórnar deilda og aðalfundir verða haldnir með vorinu. Formleg stjórnarskipti í deildum fara fram 1. júlí og þá taka nýjar stjórnir til starfa. Landssambandsstjórn in mun að venju boða til framkvæmdaráðsfundar annaðhvort síðast í ágúst eða byrjun september og verður þá haldið námskeið fyrir nýja formenn.

Páskadagur er ávallt fyrsti sunnudagur eftir fullt tungl að loknum vorjafndægrum og ber að þessu sinni upp á 16. apríl. Margir hafa tækifæri til að taka nokkra daga leyfi í kringum páskana og er það oft kærkomið frí ekki síst í skólam Þar sem þreyta er farin að gera vart við sig. Ég vona að þið njótið þessara daga í friði og ró og ég óska ykkur og fjólskyldum ykkar gleðilegrar páskahátiðar og hlakka til að hitta ykkur í Hafnarfirði 6. maí.

Ingibjörg Einarsdóttir  
forseti landsambandsins

Áhrif umhverfis á líðan og námsárangur nemenda

Dagskrá

9:30	Morgunhressing
10:00	Setning, Ingibjörg Einarsdóttir, forseti DKG
10:10	Skólaumhverfi Skólamenning, viðhorf og líðan nemenda Sif Vígþórsdóttir, skólastjóri Lífsleikni, kennsluhættir og aðferðir Jón Özur Snorrason, kennari
11:10	Kynning á starfi deilda Epsilondeild Alfadeild Deltadeild Jótadeild
12:00	Matarhlé
13:00	Lífsstill og neysla Pyngd skólabarna, líðan og tengsl við námsárangur Magnús Ólafsson, læknir Allt hefur áhrif – einkun við sjálf Jórlaug Heimisdóttir, verkefnistjóri
14:00	Kynning á starfi deilda Etadeild Betadeild
14:30	Kaffihlé
15:00	Hið félagslega og síðferðilega umhverfi Kynjamynndir, orðræðan og umhverfið Katrín Anna Guðmundsdóttir, talsm. Feministafélagsins
15:30	Afmælisnefnd Sigríður Jónsdóttir
15:45	Kynning á starfi deilda Þetadeild Gammadeild
16:15	Pingslit

Léttar veitingar í boði bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.  
Dagskrá birt með fyrirvara um breytingar.

Skráning á vorþingið

Konur eru beðnar að skrá sig á vorþingið fyrir mánudaginn 1. maí.  
Skráningin felst í því því að greiddar eru 3.000 kr. inn á reikninga  
samtakana: 546-26-2379, kt: 491095-2379.



Fyrsta starfsár nýbrautskráðra grunnskólakennara

Í þessum pistli kynni ég rannsókn sem ég gerði í tengslum við meistaraprófsritgerð mína. Rannsóknin var gerð skólaárið 2003–2004 á fyrsta starfsári nýbrautskráðra grunnskólakennara til að varpa ljósi á reynslu og upplifun þeirra af fyrsta starfsári í íslensku skólaumhverfi. Áhersla var lögð á að kanna hvernig þeir upplifa líðan, móttökur og stuðning í upphafi starfsferils síns ásamt því að leita álíts þeirra á því hvernig þeir telja kennaranámið hafa búið sig undir starfið. Átta kennrar frá Háskólanum á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands tóku þátt í rannsókninni. Leitað var svara við eftirfarandi spurningum:

- Hvernig upplifa nýbrautskráðir grunnskólakennrar fyrsta starfsár sitt i kennslu?
- Hvernig telja nýbrautskráðir grunnskólakennrar að kennaramenntastofnanir hafi búið þá undir starfið?

Rannsóknin var eiginleg og voru tekin þrjú viðtöl við hvem þátttakanda. Fyrsta viðtal var tekið í ágúst, annað viðtal var tekið í lok janúar og það síðasta í lok maí. Þeir kennrar sem þátt tóku í rannsókninni brautskráðust allir vorið 2003 og höfðu enga aðra kennslureynslu en þá sem þeir fengu í æfingakennslu á námstímanum.

Kennara á fyrsta starfsári bíður mikil og krefjandi vinna og strax frá fyrsta starfsdegi er þeim falin full ábyrgð á vinnu og velferð nemenda sinna í skólanum. Þrátt fyrir að hafa þriggja ára kennaramenntun að baki gengur þeim misvel að fást við þessa miklu ábyrgð og margþætt og flókið starf.

Ljóst er að það er ýmislegt í starfi kennara sem kennaraefni öðlast ekki færni til í náminu sjálfu heldur þurfa að læra á vettvangi starfsins. Feiman-Nemser (2003) telur að fyrsta starfsári sé mikilvægt námsár fyrir nýja kennara og segir:

... við verðum að líta á fyrsta starfsárið sem tímabil þar sem tækifæri gefst til að læra að kenna og þær faglegu aðstæður sem við bjóðum nýjum kennurum verða að hvetja þá til að læra.

## Í hnottskurn

Helstu vísbendingar sem fram koma í rannsókninni eru þær að þegar formlegu kennaranámi lýkur við kennaramenntastofnanir virðast nýir kennarar vera glæðbeittir og horfa björtum augum á starfið sem þeir eiga í vændum. Margir þeirra hafa lært mikið og hafa metnaðarfullar hugmyndir um á hvem hátt þeir vilja sinna starfinu og á hvað þeir vilja leggja áherslu. Góður undirbúningur er samt ekki nóg. Nýi kennarinn þarfust handleiðslu ráðunautar sem hann getur leitað til með spurningar og vandamál, bæði fagleg og hagnýt atriði, sem koma upp við upphaf starfsferils.

Fram kemur að formlegar móttökur nýliða í skólunum eru harla litlar og ómarkvissar og halda lítið sem ekkert utan um nýja starfsmanninn. Svo virðist sem litill munur sé á móttökum nýliða og eldri starfsmanna þegar skólar hefjast að hausti. Það er mikið undir nýliðunum sjálfum komið að leita ráða eða upplýsinga og oft vefst það fyrir þeim hvert þeir eiga að leita.

Margir nýliðar fá leiðsagnarkennara sér til stuðnings en svo virðist sem óskilgreint hlutverk leiðsagnarkennara hái leiðsögn og það hafi áhrif á bæði leiðsagnarkennarann og nýliðann. Vegna þessa verður leiðsögnin ómarkviss og ekki endilega sú sem nýliðar telja sig þurfa. Í rannsókninni kemur fram að hver leiðsagnarkennari túlkar hlutverk sitt eftir eigin höfði og hafa þeir ekkert til að styðja sig við annað en eigin reynslu eða hefðir og venjur sem viðhafðar hafa verið innan viðkomandi skóla. Einnig virðist ljóst að nýliðar eigi að skila sama starfi og reyndari kennarar hvað ábyrgð og árangur nemenda varðar. Í rannsókninni kemur fram að enginn nýliðanna hafði fengið fastan leiðsagnartíma, heldur fór leiðsögn fram á óformlegan hátt og við ýmis tækifæri, langoftast um leið og kennarar hittust á samstarfsfundum til að skipuleggja kennslu í árgangi eða námsgrein.

Fram kemur að nýliðar þurfa hvað mestan stuðning og leiðsögn á fyrstu vikum og mánuðum starfsins. Þessi tími virðist vera það tímabil þegar flestir lenda í erfiðleikum vegna ýmiss konar vandamála sem flest má rekja til byrjunarvanda og mikils vinnuálags. Engu að síður telja nýliðarnir að þeir þurfi leiðsögn allan veturinn og að þörfin aukist aftur þegar líður að lokum skólaársins.

Vinnumálag á nýliða er mikið og virðast þeir hvorki gefa sér tíma né ná tökum á því að ígrunda starf sitt með tilliti til þess að skoða hvemig starfið gengur eða á hvem hátt þeir geta brugðist við ýmsum vanda og úrlausnarefnum sem þeir lenda í. Þeir upplifa einnig einangrun og

óþoryggi í stað þess að fá hvatningu og faglega endurgjöf á starfið og aðstoð við að ígrunda starfið með sér reyndara fólk.

Nýliðar standa frammi fyrir því að upplýsingaflæði innan stofnumar er ekki nægjanlegt fyrir þá sem ekki þekkja til allra innviða hennar. Þar má nefna upplýsingar um ýmsa siði og venjur sem hafa skapast í hverjum skóla og erfitt er að gefa tæmandi upplýsingar um í skólanámskrá eða handbók.

Rannsóknin sýnir að það eru skólastjórnendur sem skipa nýliðum leiðsagnarkennara, þar sem það er gert. Annars eru skólastjórar fremur fjarlægir nýliðum og skipta sér ekki mikið af því hvers konar starfskraftur hefur bæst í starfslið skólans eða hvemig honum vegrar né hvers konar leiðsögn hann fær. Leiti nýliði eftir aðstoð eða afskiptum stjórnenda er það yfirleitt auðsótt en frumkvæðið virðist þurfa að vera nýliðans. Nýliðar virðast frekar leita til fagstjóra eða deildarstjóra en skólastjórnenda um úrlausn sinna mála.

Fram kemur að nýir kennarar eru mjög uppteknir af því að lífa fyrsta veturinn af í starfi þar sem margt er að læra og mörgu er að sinna. Þess vegna hafa þeir ef til vill ekki raunhæfa sýn á hvemig kennaranámið undirbýr þá undir starfið. En sé tekið mið af skoðunum þeirra, hvað fyrsta starfsárið varðar, þá einkennist það af því að þeir vilja meira og lengra vettvangsnám og æfingakennslu, sem þeir telja að undirbúi þá hvað best undir raunvenuleikann. Einnig telja þeir sig hafa haft hvað mest gagn af þeim námskeiðum þar sem fjallað var um kennslufræði og kennsluaðferðir, ekki síst þar sem þeir fengu tækifæri til að upplifa sjálfrir aðferðirnar í náminu. Enn fremur töldu þeir mjög gagnlegt að fá sögur og dæmi úr skólastarfi um það hvemig fræðin virka í reynd. Þeir telja sig helst vanta meiri undirbúning í að skipuleggja kennsluna, enn fremur lausnir á því á hvem hátt þeir geta mætt einstaklingsmun í bekk og þjálfun í að útbúa raunhæf verkefni við hæfi allra nemenda. Þá telja þeir sig vanta æfingu í meðferð námsmats og að halda utan um námsframvindu nemenda. Þá telja þessir kennarar að betri undirbúningur fyrir foreldrasamstarf væri mjög til bóta.

Sterkar vísbendingar koma fram í niðurstöðum rannsóknarinnar um að nýir kennarar fái ekki þann stuðning á fyrsta starfsári sem þeir telja sig þurfa til þess að þeir finni til óryggis og nái árangri í starfi. Þörf þeirra fyrir leiðsögn er ekki gefinn sá gaumur sem æskilegt væri til að þeir fái tækifæri til að þroskast sem fagmenn. Afleiðingar þessa eru þær að nýliðum er hætt við að lenda í erfiðleikum sem ætla má að hægt sé að koma að mestu í veg fyrir með góðri innleiðingu í starfið og góðum stuðningi fyrsta árið

## Hvað er til ráða

Í upphafi starfs er þýðingarmikið fyrir nýja kennarann að fá skýra mynd af því til hvers er ætlast af honum, hver meginviðfangsefni hans eru og hvar og hvernig stuðning hann fær til þess að vinna í samræmi við þær kröfur sem til hans eru gerðar. Ef þessu er framfylgt á þann hátt að það hjálpi til að aðlagast starfinu er líklegt að kennarinn nái meiri árangri, verði öruggari og skapi með sér jákvætt viðhorf sem svo leiðir til meiri fagmennsku í starfi. Takist ekki vel til með innleiðingu og móttökur getur það haft þau áhrif að nýi kennarinn upplifi sig í óþægilegu tómarúmi þar sem hann þarf að fikra sig sjálfur áfram og leita leiða til að bjarga sér. Ef þannig er á málum haldið getur það orðið til þess að hann geri fleiri mistök og lendi frekar í vanda (Sharp og Draper 2000). Enn fremur má ætla að með góðri leiðsögn og markvissri ígrundun geti nýliðar nýtt sér þekkingu sína úr náminu mun betur en þeir gera nú.

Þegar hugsað er til þess að kennurum sem eru að hefja störf er strax frá fyrsta degi falin sama ábyrgð og sama vinnuálag og þeim sem hafa öðlast reynslu þá er umhugsunarvert að ekki skuli ætlaður tími til aðlögunar. Það eru ekki aðeins skólastjórnendur sem ætlast til að þeir standist þetta álag heldur hafa nemendur og foreldrar sömu væntingar til þeirra og reyndari kennara.

Í erlendum rannsóknum hefur verið bent á að fái nýir kennarar ekki góða aðstoð í upphafi sé hætta á að þeir gefist upp eða komi sér upp aðferðum til að lifa af álagið í upphafi en framþróun í starfi þeirra verði lítil sem engin og oft verði þeir neikvædir (Feiman-Nemser 2003). Þetta er einnig í samræmi við skoðanir Önnu Þóru Baldursdóttur (2000) sem telur að einkenni kulnunar kennara á fyrsta starfsári megi rekja til lítlis stuðnings í upphafi kennsluferils.


## Að lokum

Niðurstöður úr rannsókn minni eru mjög svipaðar niðurstöðum úr erlendum rannsóknum sem gerðar hafa verið á nýliðum í kennarastarfi. Með tilliti til þess tel ég að vert sé að huga að þeim úrlausnum sem þær hafa leitt af sér og leggja meiri áherslu á að styðja nýliða á markvissan og skipulegan hátt á fyrsta starfsári en nú er gert. Það þarf að gera á þann hátt að nýliðinn sé studdur til þeirra vinnubragða sem gera hann að þeim fagmanni sem breytt starf kennara gerir kröfu um í dag.

Starf kennarans er í eðli sínu mjög flókið og margþætt. Hver kennari þarf að búa yfir fjölbreytri færni og þekkingu til að finna lausnir og leiðir til að gera nám við sífbreytilegar aðstæður sem árangursíkast fyrir alla nemendur. Þess er krafist að skólafolk sé stöðugt að læra og þroa sig í starfi. Kennarar og stjórnendur skóla þurfa að auka þekkingu sína og færni til að mæta breyttu þjóðfélagi 21. aldarinnar. Darling-Hammond (2000) bendir á að niðurstöður úr rannsóknum sýni að fátt hafi jafn mikil áhrif á námsárangur nemenda og vel menntaðir og hæfir kennarar. Það er því mikilvægt að undirbúa þá sem best undir starfið og leita allra leiða til að skapa þeim þær vinnuaðstæður að þeir nái sem bestum tökum á starfi sínu.

## Heimildir

- Anna Þóra Baldursdóttir. 2000. *Hvernig líður kennurum? Könnun á kulnun í starfi grunnskólakennara og leiðbeinenda í grunnskólum*. Reykjavík, Kennaraháskóli Íslands. [Óbirt M.Ed.-ritgerð.]
- Darling-Hammond, Linda. 2000. Teacher quality and student achievement: a review of state policy evidence. *Educational Policy Analysis Archives* 8,1. Vefsíða: <http://epaa.asu.edu/epaa/v8n1>. Sótt 14. febrúar 2004.
- Feiman-Nemser, Sharon. 2003. What New Teachers Need to Learn. *Educational Leadership* 60,8:25–29.
- Maria Steingrímsdóttir. 2005. Margt er að læra og mörgu að sinna. *Nýbrautskráðir grunnskólakennrarar á fyrsta starfsári; reynsla þeirra og líðan*. Akureyri, Háskólinn á Akureyri, kennaradeild. [Óbirt M.Ed.-ritgerð.]
- Sharp, Stephen og Janet Draper. 2000. Leaving the Register: Scottish teachers lost to the profession, 1997–1998. *Journal of In-Service Education* 26,2:247–265.





Verkefnið Lestrarmenning í Reykjanesbæ sem er 3ja ára þróunarverkefni hófst formlega á degi bókarinnar 23. apríl 2003.

Í samstarfi við Félag íslenskra bókaútgefenda var öllum 2-5 ára gömlum börnum í sveitarfélagit gefin bók. Strax að ári var öllum 2ja ára börnum gefin bók og einnig vorið 2005. Verkefnið er skipulagt sem þriggja ára þróunarverkefni sem nær til allra leik- og grunnskóla bæjarins svo og allra bæjarbúa. Til að koma verkefninu af stað fíkkst styrkur frá menntamálaráðuneytinu úr Þróunarsjóði grunnskóla.

Markmiðið með verkefninu er að reyna að efla lestrarfærni og málskilning barna. Verkefnið var sett á laggirnar vegna þess að kannanir bentu til þess að staða læsis og málþroska væri ekki ásættanleg í sveitarfélagit. Ýmislegt benti til þess að um samfélagslegt mál væri að ræða þar sem allir byrftu að taka höndum saman ef árangur ætti að nást.

#### Hvað hefur áunnist

Eins og fyrr segir hófst verkefnið Lestrarmenning í Reykjanesbæ vorið 2003 en verkefnið fór af stað af fullum þunga strax á haustdögum og hefur staðið óslitið síðan. Hér á eftir verður fjallað um það helsta sem gert hefur verið og það sem áunnist hefur.

#### Reykjanesbær – Fræðsluskrifstofa

- Ráðinn var verkefnisstjóri, Valgerður Guðmundsdóttir til að halda utan um verkefnið.
- Myndaður var stýrihópur með fulltrúum frá leikskóla, grunnskóla, bókasafni og Fræðsluskrifstofu ásamt verkefnisstjóra. Starfshópar hafa einnig starfað fyrir hvert skólastig. Þessir hópar hafa unnið saman að skipulagi og framkvæmd verkefnisins. Fundir eru haldnir reglulega með stýrihópnum.

- Vinna er hafin að setningu gæðaviðmiða fyrir verkefnið og tengist þau viðmið þeim lestrarprófunum, ritmálsvitunaprófum og öðrum könnunum sem gerðar eru í skólunum.
- Fræðsluskrifstofa hefur staðið fyrir námskeiðahaldi fyrir kennara sem sjá um lestrarkennslu, bæði í leik- og grunnskólum. M.a. hefur verið unnið markvisst með gagnvirkjan lestur og hugtakakort.
- Allir sérkennarar á svæðinu hafa farið á námskeið varðandi sérkennslu ílestri og hin ymsu vandamál sem geta komið upp hjá nemendum varðandi lestur.
- Samstarf hefur verið gott milli starfsfólks Fræðsluskrifstofu og heilsugæslu og hefur það unnið að gerð bæklinga fyrir foreldra ásamt því að yfirfara gátlista heilsugæslustarfssfólks.
- Haldnir hafa verið fundir með leik- og grunnskólkennurum til að efla enn frekar samvinnu þeirra. Einnig hefur komið sú hugmynd fram að lestrarnám gæti a.m.k. í einhverjum tilfellum hafist fyrir. Mikilvægt er að kennarar á báðum skólastigum viti hvaða áherslur eru á hverju skólastigi fyrir sig, þannig má betur fullnægja þörfum hvers og eins nemanda.
- Fræðsluskrifstofan hefur boðið félagasamtökum upp á fyrirlestur um lestur og ánægju þess að lesa.



#### Skólar

- Allir grunnskólakennarar á byrjendastigi hafa sótt námskeið til að öðlast enn betri menntun í lestrarkennslu.
- Margs konar próf hafa verið lögð fyrir nemendur svo sem ritmálsvitundapróf, hreyfiproskapróf og Tove-Krogh. Einnig er LÆSI lagt fyrir öll börn í 2. bekk í apríl og hægt er að bera þær niðurstöður saman við aðra staði á landinu sem leggja þetta próf fyrir.
- Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur í öllum leik- og grunnskólum.
- Í hverjum leikskóla eru starfandi hópar sem þróa lestrarmenningarverkefnið enn frekar og efla fræðslu um mikilvægi lesturs og málörvunar í leikskólunum.

- e) Greiningatækið Hljóm-2 sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barnanna í leikskólunum er lagt fyrir börnin í öllum leikskólunum.
- f) Leik- og grunnskólar hafa sett inn í sínar skólanámskrár verkáætlun um hvemig miða eigi að auknum orðaforða og málþroska barna. Þetta kemur fram í auknum áherslum á lestur og vinnu með íslenskt mál.
- g) Upplestrarkeppni í 7. bekk er haldin í öllum skólum bæjarins.
- h) Grunnskólamir hafa verið með lestrarátkum meðal nemenda á hverjum vetrí. Grunnskólamir hafa hvatt nemendur til sumarlestrar og veittar eru viðurkenningar að hausti fyrir sumarlesturinn. Þetta verkefni er unnið með bókasafninu.

#### Bókasafn

- a) Verið er að vinna að hugmynd um ferða bóksafn fyrir heilsugæsluna og leikskóla.
- b) Bókasafnið hefur tekið á móti hópum leikskólabama á veturna. Leikskólabörnin hafa komið einu sinni í viku í litlum hópum. Einnig hafa leikskólar komið í sögustundir t.d. fyrir jólín.
- c) Bókasafnið stendur fyrir fyrir ýmsum viðburðum fyrir almenning. Sem dæmi má nefna ljóðakvöld og bókakonfekt þar sem lesið er upp úr nýjum bókum. Einnig hefur verið haldið bókmenntkvöld sem var tileinkað börmum og lestri. Þar voru haldin erindi um lestur og lestrarvenjur barna og gildi þess að lesa og hafa ánægju af.

#### Heilbrigðisstofnun

- a) Starfsmenn Heilbrigðisstofnunar og Fræðsluskrifstofu hafa búið til nýjan gátlista þar sem sett voru inn atriði sem tengjast lestri fyrir börnin og eflingu málþoku og málþroska.
- b) Starfsfólk Heilbrigðisstofnunar hefur leiðbeint foreldrum varðandi málörvun og lestur fyrir mjög ung börn þegar farið er í heimsóknir til nýbakaðra foreldra. Gefnir hafa verið út bæklingar sem heilsugæslan ætlar að afhenda við skoðanir 18 mánaða gamalla barna og nýfæddra barna. Einnig hefur verið gefinn út bæklingur fyrir nýja foreldra sem fjallar almennt um gildi þess að lesa fyrir mjög ung börn.

#### Samfélagit

Þar sem Lestrarmenningarverkefnið er skilgreint sem samfélagslegt verkefni hafa verið reyndar ýmsar leiðir til að ná til almennings í bænum.



- a) Staðarblað var fengið til að birta greinar um lestur og efni sem snýr að bóka- og lestrarhuga.
- b) Einnig var unnið með staðarblaði að viðtölum við ýmsa bæjarbúa um uppháldsbækur þeirra og rætt um hvað þeir væru að lesa þá stundina.
- c) Til að reyna að ná enn frekar til almennings var keðjulestri hrint af stað haustið 2003. Þar voru það fyrirtæki sem skoruðu á eithvert annað fyrirtæki að lesa upphárt í hádegi eða kaffihléi fyrir starfsmennina. Þetta var mjög vinsælt og í hverri viku var ein áskorun. Þennan veturnar var lesið upp í 32 fyrirtækjum.
- d) Haustið 2004 var farið af stað með nýtt samfélagsverkefni. Þá var lögð áhersla á ljóð og var farið með ljóð um allan bæ. Hengd voru upp ljóð í verslunum einn mánuðinn, þann næsta í bönkum og opinberum byggingu, síðan í þjónustufyrirtækjum o.s.frv. Ljóðin voru látin hanga uppi í einn mánuð á hverjum stað. Síðan voru hengd upp ný ljóð í nýjum fyrirtækjum.
- e) Samfélagsverkefni fyrir veturninn 2005-2006 fólst í handritaskeppni fyrir barna-og/eða ungingabók. Alls bárust 13 handrit og hafa tvö þeirra verið verðlaunuð. Það voru handritin Aragrúi eftir Ingibjörgu Möller og Litla rauða múnin eftir Þorgrím Þráinsson.
- f) Einnig var á þessum veturnar farið út í samkeppni á veggspjöldum þar sem hvatt var til lestrar. Tvær tilögur si gruðu og er verið að prenta þessar myndir sem síðan á að hengja upp í öllum skólum og stofnunum bæjarins.

Mikil umfjöllum hefur verið um verkefnið Lestrarmenning í Reykjanesbæ í sveitarfélagini og utan þess. Ýmsir aðilar hafa komið að máli við starfsfólk Fræðsluskrifstofu og fengið upplýsingar um tilurð og framkvæmd verkefnisins. Einnig hefur verkefnið verið kynnt m.a. í Kennaraháskóla Íslands, á fundi forstöðumanna skóla/fræðsluskrifstofa, á ársfundí Félags bókaútfgefenda á degi bókarinnar 2004, í foreldrafélögum og víðar.

## KRISTÍN SIGFÚSDÓTTIR.

Kristín Sigfúsdóttir skáldkona fæddist að Helgastöðum í Eyjafirði 13. júlí 1876. Hún var dóttir Sigfúsar Hanssonar og Guðrúnar Jónsdóttur, systur Páls J. Árdal. Ekki átti Kristín kost á menntun í æsku. Aldrei gekk hún í neinn skóla, en fékk aðeins til sögn í því, sem heimtað var af börnum til fermingar. En snemma kom það í ljós, að hún var óvenjulega bókhneigð og með afbrigðum skörp að nema.

Árið 1901 giftist Kristín Pálma Jóhannessyni frá Skriðu í Eyjafirði, mesta dugnaðar og myndarmanni, en fátækum. Byrjuðu þau þar búskap en fluttu síðar að Kálfagerði í sömu sveit. Þau eignuðust 5 börn.

Snemma kom það í ljós, að Kristín væri skáldmælt. Á fermingaraldri var hún farin að skrifa smásögur og yrkja kvæði. Hún skrifaði í anda þjóðfélagslegs raunsæis. Hún fjallar m.a. um stöðu kvenna, einkum vinnukvenna, og annarra sem minna mega sín, s.s. barna og gamalmenna. Auk þess samdi hún mikið af erf iljoðum fyrir sveitunga sína. Eins og ljóðið Móðurmíssir, sem mælt er fyrir munn ungra bama.

### Móðurmíssir

Hún elsku mamma er dáin, sem unnum við svo heitt,  
Og æskunnar gleði í söknuð er breytt.

Hver vefur okkur örnum? Hver vakir okkur hjá?  
Hver vögguljóðin syngur? Hver strýkur tár af brá?

Hver kennir ungum vörum 'ið blíða bænarmál?  
Hver brosir ljósi og hlýju í kærleiksþyrsta sál?

Hver gleðst nú er vér fógnum? Hver grætur okkar raun?  
Hver gefur allt hið beztu og heimtar engin laun? (1920)

Fannst skáldinu Matthíasi Jochumssyni svo mikið til um ljóðgáfu Kristínar, að hann sendi henni eitt sinn kvæði Hannesar Hafstein í skrautbandi með langri áritun í viðurkenningarskyni fyrir ljóð þau, sem hann hafði heyrт eftir hana. Ekki var þetta fyrir persónulega vináttu, því að þau höfðu aldrei talað saman.

Þó að Kristín hafi ort talsvert af kvæðum hefur hugur hennar einkum hneigst að sögu og leikritagerð.

Af verkum Kristínar má nefna leikritið Tengdamömmu (1923), smásagnasafnið Sögur úr sveitinni (1924) og skáldsögurnar Gesti (1925) og Gamla sögu (1927-1928). Ritsafn Kristínar kom út 1949-51.

Hér kemur brot úr ritdómi sem birtist í Dagi 26. apríl 1923 um leikritið Tengdamömmu:  
„Fyrir nokkrum dögum síðan kom hingað til bæjarins flokkur manna ofan úr sveit, til þess að sýna bæjarbúum sjónleik, sem æfður hafði verið og sýndur í sveitinni í vetrur. Höfundur leiksins er fátæk sveitakona, sem á engan skóla hefur gengið og enga aðra mentun hlotið en þá, sem hún hefir veitt sér sjálf og mér vitanlega hefir hún aldrei ferðast út fyrir takmörk héraðsins. Fólkið, sem hafði hlutverkin í þessum leik, var flest, ef ekki alt, viðvaningar á þessu svíði og flest af því, sem aldrei hafði séð sjónleik eða leiklist, sem til verulegrar fyrirmynðar gæti verið. Að öllu þessu athuguðu var ekki mikil ástæða til að búast við miklu mælt á kvarða leiklistar. En reynslan varð þó nokkuð önnur. Það er ekki ætlun mírn að fella dóma yfir meðferð leikendanna á hlutverkunum, en ég þori þó að fullyrða, að sum hlutverkin voru svo vel leikin, að varla hefir betra sést hér og yfirleitt bar leikurinn vott um, alvíð og hinn bezta vilja leikendanna og viðleitni þeirra til þess að leggja sál sína í leikinn, sem virtist takast fram yfir allar vonir hjá flestum. Flokkurinn hafði með naumindum getað fengið leikhúsíð hér leigt til sýninga tvö kvöld í miðri viku. Fyrra kvöldið, sem leikurinn var sýndur, var húsið yfirfult, ekki aðeins sæti, heldur líka alt það rúm, sem hægt var að standa í. Orðrómurinn um leikinn hafði borist til bæjarins á undan leikendunum. Síðara kvöldið var aðsóknin svo mikil að leiknum, að til vandræða horfði og urðu yfirvöld bæjarins að skerast í leik, til þess að ekki yrði þjappað alt of mörgum mönnum í húsið. Mikill fjöldi varð frá að hverfa án þess að komast að. Áhorfendurnir voru mjög ánægðir yfir leiknum og létu ánægju sína í ljós með dynjandi lófataki að leikslokum og annað kvöldið kallaði mannfjöldinn fram bæði leikendur og höfundinn með hinum mestu fagnaðarlátum.”

Skáldið Jón úr Vör kemst þannig að orði í formála fyrir Ritsafni hennar, bls. 11:  
„Hún var oft allt í senn: höfundur, leikstjóri og aðalleikandi. Reynslan kenndi henni því þegar á æskuskeiði, hvemig leikrit þyrftu að vera svo að þau væru sýningaráhæf og nytu sín vel á leiksvíði. Þau orð, sem hún lagði í munni leikpersóna sinna, urðu að vera meitluð, markviss og skýrt hugsuð, ættu þau að ná settu marki og gefa þeim, er mæltu þau, líf og sérkenni. Án þessa undanfara hefði Kristín ekki getað komið fram í fyrstu bókum sínum sem heilsteyptur höfundur né samið leik sem fór sigurför um gervallt landið, enda þótt hún hefði sjálf aldrei í leikhús komið.”

Nokkur kvæði eftir Kristínu hafa birst í blöðum öll ljómandi falleg eins og t.d. ljóðið Gunna á berjamó sem birtist í Unga Íslandi og er ein 23 erindi og hér kemur smá sýnishorn af því.

#### Gunna á berjamó

Jeg ætla að segja ykkur sögu af mjær.  
Einn sumardag í fyrra mig langaði í ber.  
Eg var heim við bæinn ömmu minni hjá,  
á engjunum var fólkio að raka og sílá.

Mjer leiddist sjaldan heima, jeg ljek mjær kisu hjá,  
fyrir löngu síðan átti hún ketlinga þrjá.  
Einn var fagurgulur, einn var bara grár,  
einn var reyndar hosóttur, hvítur og blár.

Jeg passaði ný greyin og gaf þeim kjöt og mjólk,  
þeir greindir voru allir og töluðu eins og fólk,  
þeir sögðu reyndar aldrei annað en: Mjá,  
svo enginn þurfti að fara í deilur við þá.

Mjer þótti vænt um Hosa, því hann fór first að sjá og hoppaði og ljek sjer um  
bæinn til og frá.  
Hann reif mig líka stundums vo rann mjær blóð úr kinni,  
þá reiddist jeg nú snöggvast við litla kisa minn.

Í formála að Ritsafni Kristínar segir á bls. 17:

„Að sjálfsögðu komu því fram raddir um það, að Kristín Sigfúsdóttir ætti að njóta ritstyrks af opinberu fé. Páll frændi hennar Árdal hvatti hana mjög eindregið til að sækja um styrk. Hún tók því í fyrstu mjög fjarri, taldi litlir líkur til þess að hún yrði sett á bekk með launuðum rithöfundum þjóðarinnar. Og ef svo ólíklega færi, myndi bæði henni sjálftri og mörgum fleirum finnast það ómaklegur heiður. Áttu þau um þetta nokkur bréfaskipti. Síðast sendi Páll henni skrifða styrkbeiðni til hins háa Alþingis og vantaði ekkert nema nafn skáldkonunnar. „Lét ég þá að orðum frænda míns, sem alltaf vildi mér svo vel”, segir Kristín. Styrkinn hlaut hún.

Hér var aðeins um lauslega kynningu á skáldkonunni Kristínu Sigfúsdóttur að ræða. Hún dó 28. sept. 1953.


Helga Ág. Thorlacius  
Jóhanna S. Þorsteinsdóttir

#### Heimildaskrá

Benjamín Kristjánsson. 1968-70. Eyfirðingabók: *Sögur frá umliðnum öldum*. Bókaforlag Odds Björnssonar, Akureyri.

J. Þór. 1923. „Ritdómur um leikritið *Tengdamömmu*.” Dagur, 26. apríl 1923.

Kristín Sigfúsdóttir. 1949-1951. *Rit Kristínar Sigfúsdóttur*. Ísafoldarprentsmaðja, Reykjavík.



#### Um starf í alþjóðanefndum

Kæru Delta Kappa Gamma félagskonur.

Ég óska ykkur öllum gleðilegs sumars og þakka ykkur fyrir gott samstarf og samveru á undanförnum árum, og er mér þá efst í huga Evrópuþingið hér 2003. Það eru einstaklega spennandi ár framundan í félaginu okkar þar sem við munum fagna 30 ár afmæli landssambandsins á næsta ári, vorið 2007.

Við sem sáum í stýrihópnum fyrir Evrópuráðstefnuna 2003 höfum orðið þess heiðurs aðnjótandi að vera skipaðar í afmælisnefnd til að gera tillögur til stjórnar landssambandsins og vinna með henni að undirbúningi og framkvæmd afmælisins.

Þegar þetta er skrifð, um miðjan mars, hefur afmælisnefndin haldið fjóra fundi og komið fram með fjölda hugmynda sem sendar verða stjórninni til ákvörðunar.

Ritstjórm fréttablaðsins fór þess á leit við mig að ég segði ykkur frá starfi mínu í nefndum sem ég hef átt sæti í á undanförnum árum á vegum samtakanna, einni Evrópunefnd og einni alþjóðanefnd.

## Evrópunefnd

Árið 2002 var ég tilnefnd af stjórn landssambandsins til að taka sæti í "Evrópu Forum" sem fulltrúi Íslands, en í þeiri nefnd situr einn fulltrúi frá hverju hinna sjö landa innan Evrópusvæðisins. Samkvæmt alþjóðalögum Delta Kappa Gamma skal hvert svæði (svæðin eru fimm) halda "Forum" fund á þingum, bæði svæðaráðstefnum og alþjóðaþingum. Þessir fundir eru ætlaðir sem vettvangur fyrir fagleg málefni og umræðu innan hvers svæðis. "Forum" nefndir undirbúa og sjá um þessa fundi og koma með tillögur um sameiginleg verkefni sem varða hvert svæði. Markmið Evrópu nefndarinnar 2004-6 voru því m.a. að undirbúa "Forum" fundina á Evrópuráðstefnunni í Turku 2005 og á Alþjóðaþinginu í San Diego árið 2006 og gefa félögum innan svæðisins kost á að koma á framfæri og ræða málefni sem sérstaklega varða Evrópu. Nefndinni ber einnig að kynna markmiðin í hverju landi, vinna að samstarfi milli landanna um upplýsingar og rannsóknir og kynna "Forum" í landssamböndunum.

Samkvæmt reglugerð skal kjósa fulltrúa í nefndina til tveggja ára í senn en hluti nefndar getur setið tvö tímabil. Það hef ég nú þegar gert og er því starfi mínu í "Evrópu Forum" nefndinni lokið í sumar á alþjóðaþinginu í San Diego, en þar verður ný nefnd skipuð. Það liggur því fyrir landssambandsstjórn að skipa nýjan fulltrúa í nefndina til næstu tveggja ára.

## Alþjóðaneftnd


Nefndin sem ég hef átt sæti í síðast liðin tvö ár heitir "Travel and Study Committee." Hún er ein af þeim nefndum sem ekki er kosin á alþjóðaþingi heldur er hún skipuð af alþjóðaforseta til tveggja ára í senn. Núverandi forseti, Jacklynn Cuppy, óskaði eftir því að ég tæki sæti í nefndinni á tímabilinu 2004-2006. Í nefndaskipan er haft að leiðarljósi að helst ein kona frá hverju svæði sitji í hverri nefnd. Landsforseti gefur upp nöfn þeirra félagskvenna sem gegnt hafa stjórnarstörfum fyrir viðkomandi landssamband og gefa kost á sér í nefndarstörf.

Hlutverk "Travel and Study" nefndarinnar er að koma með tillögur um ferðir, bæði skoðunar- og fræðsluferðir fyrir félagskonur. Nefndin hefur m.a. lagt áherslu á ferðir í tengslum við svæðaráðstefnur og alþjóðaþingin. Ferðirmar eru kynntar á netinu, í "News" fréttabréfum og í tölvupósti til landssambanda, samanber spænskunámskeiðin "Living Spanish in Guadalajara" í Mexico sumarið 2006.

Nefndin heldur einn fund á ári og er kostnaður við hann greiddur af samtökunum. Á fundi sem haldinn var í höfuðstöðvunum í Austin, Texas, 2.-3. desember sl. urðu miklar umræður um framtíð þessarar nefndar. Að mörgu leyti er hún barn síns tíma þegar lítið var um skipulagðar ferðir og því nær engin samkeppni um ferðir. Nú ferðast konur með eigin ferðafélögum á lægsta tilboði. Er því ekki ólíklegt að nefndin verði aflögð á næstu árum. Núverandi nefnd lýkur störfum á Alþjóðaþinginu í San Diego í júlí í sumar.

Það er einstaklega lærðómsríkt og skemmtilegt að starfa í nefndum á vegum samtaka okkar, bæði að kynnast konum frá öðrum löndum, menntun þeirra og menningu og eins því mikla starfi sem fram fer í höfuðstöðvunum. Ég vil því hvetja ykkur, kæru Delta Kappa Gamma systur, að sækja þingin, fyrst og fremst okkar þing hér heima en einnig Evrópuráðstefnunar og alþjóðaþingin. Það er ekki of seint að skrá sig á þingið í San Diego í lok júlí í sumar. Næsta Evrópuping verður í London næsta sumar, og þá skulum við sem flestar mæta. Að lokum vil ég hvetja ykkur til að gefa kost á ykkur til starfa í einhverri hinna fjölmörgu nefnda innan samtakanna.

Sigríður Jónsdóttir,  
Gamma deild



## Vorþing 2006

*Vorþing verður haldið í Hafnarfirði 6. maí 2006 og eru allar félagskonur hvattar til að taka daginn frá og møta vel.*



## Frá Fjölmenningsarsetrinu á Ísafirði

### Nám í Samfélagstúlkun

Erlendir ríkisborgar voru 4,6 prósent landsmanna árið 2005 samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands og talið er að á Íslandi í dag séu tölulega 100 tungumál frá öllum heimshlutum. Vaxandi þörf er því á þjónustu túlka og sérstaklega þeirra sem ekki hafa tök á ensku en margir Vestur-Evrópubúar tala ensku sem annað tungumál og sama má segja um íslendinga. Mesta þörfin fyrir túlka er því fyrir fólk sem talar tungumál af ólíkri gerð, s.s. pólsku eða taílensku. Til að auðvelda samskiptin er því brýn þörf á því að þjálfa túlka sem annast samskiptin milli fólks sem hingað flytur þar til það nær tökum á íslenskunni og íslensks samfélags. Samfélagstúlkurinn sér þannig um að koma upplýsingum á milli og er það hlutverk bæði erfitt og margslungið. Það er því mjög brýnt að byggja upp faglega túlkaþjónustu til að auðvelda samskipti og aðlögun að breyttu samfélagi þar sem ekki allir hafa tök á íslensku.

Til þessa hefur fólk á Íslandi ekki átt kost á því að mennta sig sem samfélagstúlkar með skipulögðum hætti. Fólk hefur einungis átt þess kost að fara á einstaka námskeið og þeir sem eru að nýta sér þjónustu túlka hafa haft takmarkaða tryggingu fyrir því að túlkar kunni grundvallrartriði túlkunar og ráði við þann sértaða orðaforða sem oft er um að ræða. Ísland er aðili að mörgum alþjóðasamningum sem tryggja einstaklingum sem ekki tala íslensku þann rétt að notaður skuli túlkur í dómsmálum og hefur það verið lögfest í íslenskum lögum. Einstaklingur á þannig rétt á ókeypis túlki í opinberum málum, einkarefsmálum, faðernismálum og þegar fólk er svipt fjárræði eða sjálfraði.

Samkvæmt 5.gr. laga 74/1997 um réttindi sjúklinga, á sá sem ekki talar íslensku eða sem notar táknmál, rétt á ókeypis túlki þegar hann þarf á heilbrigðisþjónustu að halda. Skilyrði eru þó að aðili sé sjúkratryggður, eða hafi átt lögheimili á Íslandi í 6 mánuði eða meira.

Í haust verður í fyrsta skipti boðið uppá einingabært nám í samfélagstúlkun og verður hægt að fara tvær leiðir í náminu. Upphafið að þessu námi í samfélagstúlkun má rekja til þess að

Fjölmenningsarsetrið leitaði eftir samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða við uppbryggingu náms í samfélagstúlkun og til námsefnisgerðar.


Stofnanimar hafa leitað víða eftir styrkjum til að fjármagna námið. Einnig var leitað til Gauta Kristmannssonar, doktors í þýðingarfræðum og aðjunkt við Hugvísindadeild Háskóla Íslands og Ingibjargar Hafstað, sem er löggiltur dóms- og skjalaþýðandi og framkvæmdarstjóri Fjölmenningsar ehf. varðandi uppbryggingu námsins og námsefnisgerðarinnar. Ingibjörg hefur haldið stutt námskeið fyrir starfandi túlka og tók hún að sér það verkefni að útbúa námsefni á íslensku sem nú er nánast lokið. Afar mikilvægt er að hafa í huga að stærsti hluti þess fólks sem vinnur við að túlka eru innflytjendur. Margir þeirra kunna litla sem enga ensku og því mjög mikilvægt að hafa allt námsefnið á íslensku.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða kemur til með að bjóða uppá 15 eininga nám í samfélagstúlkun á fullorðinsfræðslustigi í samstarfi við Fjölmenningsarsetur.

Byggðastofnun, Starfsmenntaráð og Menntamálaráðuneytið hafa veitt styrki til námsefnisgerðar, skipulags námssins og námskeiðshalds á fullorðinsfræðslustiginu. Háskóli Íslands mun bjóða uppá 45 eininga diplómanám á grunnstigi en námið er samstarfsverkefni hugvísindadeildar Háskóla Íslands, Háskólasturs Vestfjarða, Fjölmenningsarseturs og Alþjóðahúss.

Upplýsingar um nám í samfélagstúlkun hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða, í síma 456 5025 og netfang smari@frmst.is

Skráning í hagnýtt nám í samfélagstúlkun við Háskóla Íslands fer fram 22. maí-5.júní sjá nánar á [www.hi.is](http://www.hi.is).



## Jótadeild - Starfið veturinn 2005-2006

Jótadeild Delta Kappa Gamma á Vestfjörðum hefur haldið fundi nánast mánaðarlega í vetrur. Þema vetrarins hefur verið Konur og menntun í viðu samhengi. Margar Jóta-systra eru í framhaldsnámi af fjölbreyttasta tagi eða hafa nýlokið slíku námi og við höfum m.a. kynnst viðfangsefnum þeirra og viðhorfum til námsins. Okkur ber að veita þessum konum stuðning og athygli, forvitnast um hvað þær eru að fást við og kannski ekki síst hvers vegna þær leggja á sig þessa miklu vinnu sem bætist ofan á heimili og starf. Þá höfum við heimsótt nokkrar fræðslustofnanir og kynnst starfsemi þeirra og framtíðarsýn.

Fyrsti fundurinn var með óvenjulegu sniði og sérlega skemmtilegur. Nokkrar Jóta-systur fóru inn í Heydal laugardaginn 18.september og áttu þar yndislegan dag með systrum úr Gamma-deild. Dagskráin var fjölbreytt og skemmtileg. Á fundinum flutti Anna Lind Ragnarsdóttir orð til umhugsunar; Anh Dao kynnti verkefnið Líf í nýju landi, talsvert var spjallað um starfsemi deildanna og síðan var gróðursetningarárhófn, þar sem m.a. var gróðursett Jóta-tré í skógræktarlandi Heyðelinga. Við skemmtum okkur með Gammasystrum fram eftir kvöldi og vorum alsælar með ferðina.

Næsti fundur var haldinn 19.október í Grunnskólanum á Ísafirði. Sigríður Ragnarsdóttir flutti Orð til umhugsunar og fjallaði um hátiðahöld Kvennafrídagsins á Ísafirði fyrir 30 árum sem hún tók sjálf virkan þátt í. Anna Guðrún Edvardsdóttir flutti afar áhugavert erindi um mismunandi gildismat skólastjórnenda eftir kynferði, en þetta var aðalefni meistararitgerðar hennar árið 2004. Þá kynntum við okkur sérstaklega nýtt mótneyti Grunnskólans, en þar fá mörg hundruð nemendur og kennarar heita máltið á degi hverjum.

Jólafundurinn var 30.nóvember í Hömrum, sal Tónlistarskóla Ísafjarðar. Þar flutti Elsa Arnardóttir forstöðumaður Fjölmenningarsetursins erindi um málefni nýbúa, en óeirðir í Frakklandi höfðu vakið marga Íslendinga til umhugsunar um það hvemig menntunamálum nýbúa væri háttáð hér í landi. Erla Helga Sveinbjörnsdóttir flutti orð til umhugsunar og fjallaði um aðventuna í víðum skilningi. Þá léku tvær Jótasystur jóladúetta á flygilinn og veitingarnar báru aðventukeim. Sannkölluð jólastemmning.

Janúarfundurinn var haldinn á glæsilegu heimili Önnu Lindar varaformanns Jótadeilda í Súðavík. Þar voru teknar inn þjár nýjar systur við hátiðlega athöfn eins og vera ber og eru Jótasysturnar þá orðnar 23 talsins. Edda Björg Kristmundsdóttir flutti okkur orð til umhugsunar og fjallaði um bóklestur, en síðan kynnti hver systir nokkrar bækur sem henni voru hugleiknar á þessum tíma og hvers ve gna. Urðu mjög skemmtilegar umræður um bækur, lífið og tilveruna á fundinum og vorum við margs vísari hver um aðra að honum loknum.

Á bolludaginn, 26. febrúar, heimsóttum við Háskólastetur Vestfjarða, sem vígt var hinn 4. febrúar síðastliðinn. Dr. Inga Bára Pórðardóttir skolasálfræðingur flutti orð til umhugsunar og fjallaði um Davis leiðréttingu á lesblindu. Í kjölfarið spunnust allfjörugar umræður um málefnið og sýndist sitt hverri. Meðan rjómabollur af fjölbreyttasta tagi runnu ljúflega niður kynnti dr. Peter Weiss forstöðumaður Háskólas etursins starfsemi þess og framtíðaráform. Háskólastetur Vestfjarða er ný stofnun á háskólastigi, sem hefur það að markmiði að veita fjarnemum á Vestfjörðum fyrir taks þjónustu, hasla sér völl sem rannsóknarstofnun og bjóða í framtíðinni upp á eigin kennslu. Hér vestra eru miklar vonir bundnir við Háskólastrið og ljóst er að forstöðumaðurinn er stórhuga og hugmyndaríkur. Hægt er að kynna sér starfsemi þess á heimasíðunni [www.hvest.is](http://www.hvest.is).

Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 22. mars á heimili Steinunnar Guðmundsdóttur í Bolungarvík. Þar mun Guðrún Ásbjörg Stefánsdóttir stýra stefnumótunarvinnu og nýta til þess „tíggullíkan“. Skipt verður í nokkra hópa og unnið sérstaklega út frá markmiðum samtakanna. Markmið þessarar vinnu er ekki síst að kveikja umræðu og að allir eigi hlutdeild í framtíðarmótun Jóta-deilda. Hún hefur nú starfað í tær tvö ár, systurnar eru farnar að kynna nokkuð vel og tími kominn til að huga að því hvernig við viljum móta starfsemi deildarinnar til framtíðar. Á þessum fundi mun uppstillinganefndin einnig skila af sér tillögum um skipan næstu stjórnar.

Aðalfundur verður haldinn mánudaginn 24. apríl, en starfsárinu lýkur um miðjan maí með heimsókn í sumarbústað í Tunguskógi, sélureit Ísfirðinga. Þar verður væntanlega farið í gönguferð og leiki, grillað og loks skálað fyrir skemmtilegu vetrarstarfi í góðum hópi.

Sigríður Ragnarsdóttir,  
formaður Jóta-deilda,  
Ísafirði.



## Frá Alfa deild

Nú er vor í lofti og tími kominn til að fara yfir fundina til vors. Stjórnin var afskaplega glöð með mætinguna á Sjóminjasafnið í janúar, sem var Alfa deild til mikils sóma. Hér á eftir fylgir yfirlit yfir fundi okkar til vors 2006.

Fyrsti fundurinn var haldinn á Sjóminjasafni Reykjavíkur laugardaginn 14. janúar klukkan 11. Sigrún Magnúsdóttir safnvörður tók á móti deildarkonum og sýndi safnið sem er hið skemmtilegasta og full ástæða fyrir Delta Kappa Gamma deildir að kynna sér. Kennarar koma mikið á safnið ásamt nemendum og kynnast sögu okkar frá upphafi byggðar. Þar geta kennarar fengið verkefni til að leggja fyrir nemendur í framhaldi af heimsókninni. Einnig voru kynntar spennandi hugmyndir að fyrirhuguðum veitingastað í sama húsi, en þar verður boðið upp á íslenskan mat eins og forfeður okkar neyttu. Fyrirhugað er að opna veitingastaðinn í sumar.

Að lokum var borin fram gómsæt kjötsúpa með rúgbrauði.

Annar fundurinn verður haldinn þriðjudaginn 21. mars að Skíldinganesi 48.

Dagskrá:


- Fundur settur og kveikt á kertum.
- Erna Árnadóttir og Guðmundur Kristmundsson fjalla um læsiverkefni af ýmsum toga, m. a. könnun á læsi fullorðinna.
- Inntaka.
- Önnur mál.

Þriðji fundur. Stutt ferðalag í apríl, óvissuferð.

Fjórði fundur. Vorþing Delta Kappa Gamma, hald ið 6. maí í Hvaleyrarskóla í Hafnarfirði.

Fimmti fundur. Aðalfundur Alfa deilda, haldinn fimmtudaginn 18. maí.

Með kærri kveþju, stjórn Alfa deilda



## Starfið í Gammadeild veturinn 2005-6

Í veturnar höfum við haldið sex fundi og sá sjöundi verður í lok marsmánaðar. Starfið er líflegt og mæting á fundina mjög góð enda skemmtilegt að hittast, fræðast og syngja saman í fundarlok.

Þema haustsins í Gammadeild var *að lífa og læra í lýðræði*, í tilefni af því að árið 2005 var eitt helsta áherslusviði Evrópuráðsins að efla borgaravitund og lýðræði í skólastarfi. Fyrsti fundur haustsins var með óvenjulegu sniði. Þá fóru Gammakonur í helgarferð, 16. – 18. september, til Stellu Guðmundsdóttur í Gammadeild að Heydal í Mjóafirði þar sem hún og fjölskylda hennar reka fyrirmynðar ferðaþjónustu. Við nutum útvistarinnar og samveru við Jótakonur sem voru með okkur á laugardeginum. Þar kynnti Anh Dao Tran verkefnið Framtíð í nýju landi, Anna Lind Ragnarsdóttir skólastjóri í Súðavík flutti orð til umhugsunar, við gróðursettum átta reyniviðartré í Hjalla- og Pálmalundi, og Ingibjörg Einarsdóttir landssambandsförseti fjallaði um starfsemi DKG á alþjóðavettvangi.

Á októberfundu fjallaði Sigrún Aðalbjamardóttir, Gammadeildarkona, um rannsóknir sínar s.s. að hlusta eftir röddum ungmenna. Hún og fleiri menntunarfræðingar hafa áhyggjur af því að pólitisk virkni ungs fólks fari minnkandi og lífsgildi samhyggðar séu á undanhaldi. Sigrún sagði frá alþjóðlegum verkefnum sem miða að því að efla borgaravitund og siðgæðisvitund ungs fólks.

Við fórum í Vogaskóla á nóvemberfund. Þar kynntu Sigrún Björnsdóttir og Margrét Eiríksdóttir okkur móðurskólaverkefni sem þær leiða og nefnist Nemendalýðræði, lífsleikni og mannréttindafræðsla. Þetta var skemmtileg heimsókn og fröðlegt að sjá hvernig Vogaskóli vinnur m.a. að betri líðan og ábyrgari viðhorfum með þessu þróunarstarfi.

Gunnar Hersveinn Sigursteinsson var gestur okkar á jólaufundinum. Hann kynnti nýútkomna bók sína *Gæfuspor, gildin í lífinu*. Konur lásu ljóð, hlaðborðið svignaði undan bakstri Gammakvenna og söngur sálma og jólasöngva ómaði í fundarlok.

Á vormánuðum verður okkar þema að kynna okkur vinnubrögð í skapandi og lýðræðislegu skólastarfi. Gestur okkar á janúarfundi var Svanborg Rannveig Jónsdóttir kennari í Þjórsáskóla. Hún sagði frá nýsköpunarkennslu, einkum á miðstigi skólans, og samþættingu nýsköpunar, upplýsingatækni og smíðakennslu. Einnig sagði hún frá meistaraprófsrannsókn

sinni við HÍ 2005 um sama efni. Svanborg telur auðsætt að slík nýsköpunarkennsla eflí námsáhuga og virkni meðal nemenda og brýnt sé að efla þessa grein í grunnskólum.

Á febrúarfundi okkar kynnti Jóhanna Einarsdóttir Gammadeildarkona okkur spennandi þróunarverkefni sem hún stýrir á leikskólastigini og fjallar um þátttöku leikskólabarna í mati á gæðum starfs í sínum skóla. Á næsta fundi, í lok mars, heimsækjum við tvær Gammastyrur í Kársnesskóla. Björg Eiríksdóttir ætlar að kynna söguðferðina, hugmyndafræðina og reynslu sína af þessari kennsluaðferð. Þórunn Björnsdóttir mun segja okkur frá kórstarfinu í skólanum þeirra, stýra söng og stofna vísi að Gammakórnum ef vel tekst til.

Síðustu veturnar höfum við fengið marga góða gesti og farið viða. En við höfum líka haft hugfast að leita í sjóði reynslunnar innan okkar deilda og fá Gammakonur til að segja frá störfum sínum og kynna það merkilega starf sem þær eiga aðild að með ýmsum hætti. Þetta hefur verið sérlega skemmtilegt og fróðlegt. Framundan í vor eru tveir fundir enn og vorþing í Hafnarfirði ásamt öllum hinum deildunum.

Kristín Jónsdóttir ritari



## Frá Delta deild á Vesturlandi

Við konur í Deltadeild hittumst að vanda fimm sinnum á þessu starfsári.

Höfum við lagt okkur fram við að hvetja konur til þátttöku á fundum, sent tölvupóst, hringt og skrifað bréf. Konur hafa sammælst um samfot og boðið hver annari akstur. Við höfum líka gætt þess að dreifa fundarstöðum þannig að oftast séu einhverjar í sinni heimabyggð.

Þótt langt sé á milli okkar hefur mæting því verið mjög góð.

Á fundum höfum við nafnakall og fáum fréttir af þeim sem ekki eru með okkur hverju sinni. Við erum svo heppnar að geta nýtt hæfileika og þekkingu kvenna úr okkar hópi á fundum, en einnig hlytt á erindi gesta. Höfum við lagt áherslu á að bjóða konum að taka þátt í fundum okkar og kynna sér starfið og ekki hefur verið erfitt að fá konur til að ganga í félagsskapinn.

Fyrsti fundur Deltadeilda var haustferð til Þingvalla 4. október 2005. Hittumst við klukkan 17:00 við Hótel Valhöll og gengum síðan Skóga rgötu inn í Skógarkot, en þar var búið fram til ársins 1936. Veður var milt og hauslitrir yndisfagrir, mikil stemmning!

Var síðan haldið til Valhallar það sem snætt var og fundur haldinn.

Jónína Eiríksdóttir Deltakona fór með ljóð eftir móður sína, sem samið var eftir slíka Skógarkotsgönguferð kvenfélagskvenna fyrir margt löngu. Jóhanna Karlsdóttir Deltakona rifjaði upp tengsl sín við Þingvelli og síðan tengsl sín við Grænland og fjallaði um nýjungar þar í kennsluháttum.

Annar fundur okkar höfst í Reykholti klukkan 12:00 þann 26. nóvember 2005.

Kristín Steinsdóttir rithöfundur sagði okkur frá viðfangsefnum sínum á árinu, leyfði okkur að skyggnast inn í hvunndag rithöfundar og las fyrir okkur brot úr skáldsögu sem hún er með í handriti. Mikið var spurt og spjallað eftir lesturinn. Síðan var innsetning þriggja nýrra félaga. Theodóra Þorsteinsdóttir Deltakona söng lag og ljóð móður sinnar. Þórunn Reykdal, Deltakona sagði okkur frá upplifun sinni á kvennafídeginum 24. okt. og las fyrir okkur ljóð sem hún samdi í lok þess dags. Þessum góða degi okkar saman lauk að vanda með því að við hlýddum á jólatónleika í Reykholtskirkju þar sem að þessu sinni kom fram Óperukór Hafnarfjarðar í upphafi aðventu.

Þriðji fundur okkar var haldinn á Akranesi þann 19. janúar 2006. Hittumst við klukkan 17:00 við Safnahúsið þar sem við fengum leiðsögn um söfnin þrjú sem þar eru staðsett, Íþróttasafnið, Steinasafnið og safn Landmælinga. Síðan heimsóttum við gullsmiðinn Dýrfinnum Torfadóttur sem er með verkstæði sitt á Safnasvæðinu. Loks fórum við í Grundaskóla þar sem fundurinn var haldinn á bókasafninu og var snætt þar. Ásta Egilsdóttir Deltakona kynnti nýjan umferðarvef, sem er samstarfsverkefni Grundaskóla, Umferðarstofu og Námsgagnastofnunar. Vefurinn er ætlaður nemendum grunnskóla, kennurum og foreldrum og er meginmarkmið hans er að efla umferðarfræðslu í grunnskólam landsins og stuðla þannig að auknu öryggi barna í umferðinni. Grundaskóli er móðurskóli í umferðarfræðslu og Sigurður Armar Sigurðsson kennari og Ásta Egilsdóttir kennari stýra því verkefni.


Guðlaug Sverrisdóttir Deltakona sá um okkar hefðbundna „mér er efst í huga” og fjallaði um starf sitt sem leikskólakennari og sérkennslu þar.

Loks ræddum við nýúkomrar bækur sem konur höfðu lesið um jólin.

Fjórði fundur okkar verður í Reykjavík þann 28. mars 2006. Þá munum við hittast í Perlunni klukkan 17:00 og byrja á því að skoða Sögu- sýninguna. Svo munum við hefja fundinn með því að hlusta á erindi Jónasar Pálssonar um áhrif félagslegs umhverfis á nám og kennslu. Hann gerði fyrir nokkru athugun á nokkrum skólum í misjöfnu umhverfi, í sjávarþorpi, í sveit og í borg.

Fimmti fundurinn verður ferð á Snæfellsnesið í maímánuði. Verða þar ýmsir staðir heimsóttir. Ný stjórn verður kosin á þessum fundi.

Soffia Sigurjónsdóttir  
Formaður Delta-deildar.



### Fréttir af Zeta-deild

Laugardaginn 25. mars sl. flugum við Ingibjörg Einarsdóttir áleiðis til Reyðarfjarðar, en þar hafði verið blásið til fundar. Veður var frábaert og hreindýr stilltu sér uppvið veginn fyrir okkur. Tilefni ferðarinnar var að efla starf Zetadeilda á Austurlandi, en það hefur verið í lágmarki að undanförmu. Eru fyrir því ýmsar ástæður, en þyngst vegur að margar konur í Zetadeild hafa fluttst burt af svæðinu. Kynningar- og útbreiðslunefnd hafði áður haft samband við konur í fræðslustörfum á Austurlandi, bréflega og símleidis.

Fundurinn fór fram í safnaðarheimilinu á Reyðarfirði og hófst hann klukkan tólf á hádegi. Mæting var afar góð, það mættu 22 konur, nokkrar eru í Zetadeild, en flestar voru nýjar. Ingibjörg sá um að kynna Delta Kappa Gamma og Stefánia sagði frá starfi Gammadeilda sem dæmi um starf í deild. Snæddur var léttur hádegisverður. Fundurinn var afar ánægjulegur. Hér var greinilega kominn saman mikill kvenauður og undirtektir góðar.

Inntökufundur verður ef allt gengur eftir í maí og þá er ekkert því til fyrirstöðu að starf Zetadeilda hefjist af fullum þrótti í haust.

27. mars 2006, Stefánia Arnórsdóttir

### Markmið Delta Kappa Gamma samtakanna eru:

Að efla tengsl kvenna sem vinna að fræðslustörfum viðs vegar í heiminum.

Að heiðra konur sem standa eða hafa staðið framarlega á svíði menntamála eða eru að vinna markverð störf i þágu þeirra.

Að efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum.

Að stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja framgang hvers konar viðleitni til hagsbóta fyrir menntamál almennt og konur í fræðslustörfum.

Að veita konum, sem skara fram úr í menntamálum, styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í öðrum löndum sem vinna að fræðslustörfum.

Að efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni.

Að fræða félaga um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórmálum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.

